

14/3

Skógrækt Ríkisins  
Selfossi.

Starfsskýrsla fyrir árið 1978.  
Suðurlandsundæmi  
Gorðar Jónsson.

Gróðursætning:

Pjórsárdalur. Haldið var áfram að planga í gamlar rauðgreni rásir, eins og undanfarin ár. Var í ár mest plantað í Selhöfða. Þá var sett í skóglauast land í Illagili, fyrir vestan bæ á Asólfssstöðum og leit það ljómandi vel út alveg fram á haust er síðast var aðgött. Var þarna sett Sitgagreni frá Sitka í brattar hliðar á móti suð-austri. Þarna er gott skjól í flestum áttum, en nokkuð kvöldsett. — Þá var og farið í það að gera tilraun til að koma Lérki í Vikrana í Pjórsárdal. Var farið varlega af stað og plantað í nokkru skjóli við ~~mátt~~ háa gróðurtorfu er Tunguhorn heitir. Settum við ~~skjöt~~ á sandinn nokkuð snemma sumars og þáldum níður. Leið síðan u.p.b. mánuður með miklum þurkum og þótti ekki fært að gróðursetja fyrr er rigndi, og komust plönturnar ekki í sandinn fyrr en seinni part júlí mánaðar. Ef þessi tilraun tekst er orðinn grundvöllur að leggja undir sig sandinn.

Skarfanes: Farið var í Skarfanes 19 ~~júní~~ og byrjað samdægurs að planta. Var plantað eingöngu Stafafuru í reit 1515 og voru það með fallegrí plöntum sem ég hefi séð. Komu bær úr frystirnum á Tumastöðum. Rok og bræsingur var meðan á dvölinni stóð og heldur óyndislegt að dvelja í Skarfanesi þetta skiptið, enda stóð moldarmökkurinn yfir okku allan tíman.

Hliðargirðing: I Skaftártungu var haldið 8 ~~júní~~ með plöntur á vörubílnum og mannskapinn og hjólhýsið í Jeppanum. Plantað var ofan og austan við eldri plöntun þarna. Jörð var nýorðin þýð, en klaki á stöku stað. Hefur maður von um að þarna geti orðið nokkuð falleg fura með tímanum, einkum ef borðið væri nú á. Jörð þarna er ákaflega rýr. Til prufu var laumað 50 lerkiplöntum í jörðina þarna (R 1120).

Gróðursetningar Skógræktar Ríkisins 1978.

Fjórsárdalur:

Stafafura	Skagway	2/2m	B 890	9.760v	1931, 1213, 1120 2215, 1515, 2287.
Stafafura	Skagway	2/1m	B 890	900v	
Sib.Lerki	Altai	1/1/2k	B 894	4.130v	2214
Sib.Lerki	Altai			1.900v	2286, 3221, 2815, 3050
Sitkagreni	Skagway	2/2m	B 862	390v	1933.
Sitkagreni	Cordova	2/3m	B 817	6.700v	3121, 3221.
Sitkagreni	Hveragerði	2/2m	B 860	1.350v	1930.
Sitkagreni	Hallormst.	2/2m	B 861	1.000v	1929. (Lýsishóll)
Sitkagreni	T 44	3/2m	-	900v	1932.
Sitkagreni	Sitka	2/2	B 668	<u>13.200v</u>	1210, 1130. 40.230

Skarfanes:

Stafafura	Skagway		B 817	5 500v	1515.
Stafafura	Haines	2/2m	B 854	<u>10.000v</u>	1515. 10.500v

Hlíðargirðing:

Stafafura	Skagway	2/2m	B 890	4.500v	1010.
Sib.Lerki	Altai	1/1	B 894	<u>50v</u>	1120.
				4.550v	
		Samtals hjá		S.R.	<u>55.280</u>

Pórsmörk á vegum Farfugla.

Birkí	Hall	2/1	B 900	8.250	Slyppugil
-------	------	-----	-------	-------	-----------

Bergsstæðir: Styrkur

Sib.Lerki	Altai	1/2	B 894	1.000	
Stafafura	Haines	2/2	B 854	2.000	
		<u>Alls á Suðurlandi</u>		<u>66.530</u>	

### Hirðing:

Í þjórsárdal var hreinsaður teinungur að vanda og notaðar til þess kjarrsagir. Þetta er eilifðarverkefni og tími til kominn að fara að huga aftur að úðun illgresiseiðingarlyfja. Var því keypt til þess ódýr handknúin dæla og gerð tilraun með hið nýja efni Glyfosat, en að öllum líkendum sprautað helzt til seint. Þyrfti að taka saman leiðbeiningar um notkun efnisins eftir því sem reynsla fæst af því hérlandis. Það á því eftir að koma ~~á~~ ljós hvort slik sprautun er framkvæmanleg þar sem rásagrísjað er, og beltunum ætlað að standa til framþúðar.

Nokkuð var hreinsað í Skarfanesi, aðallega frá Stafafuru í reit 1225.

### Aburðargjöf:

Borið var á jólatré í Lambahöfða ca 1 tonn af kjarna (R 2913) Þá var sett út áburðartilraun í reit 3329, þar sem teknar voru 3 rásir og borið á 100 gr. í fyrstu rásina og 200 gr í aðra, og 300 gr í þá briðju. Meðalhæð trjáa er um 1.70 m. Skal nú reynt að athuga hve mikil áhrif hver skammtur hefur. Notað var 23 -23.

Nokkuð af kúamýkju var keyrt austur á Vikra og notað að hluta við lerkigróðursetningu og annað eignum við til góða. Nauðsynlegt virðist að nota húsdýraáburð við gróðursetningu á Vikrunum, svo og annað ógróioð land, vegna frostlyftingar.

### Grisjun:

Sagaðar voru upp gamlar rauðgrenirásir, og plantað í þær aftur. Nýgrisjanir urðu óvenju miklar og fljótunnar, m.a. vegna þess, í hve ~~læ~~gvöxnu kjarri grisjað var. Er nú tilbúið til plöntunar: Móarnir, Hundastapi og Hallshöfði að mestu leiti og eru þetta um 8 hektarar. Þetta land er að mestu ætlað fyrir lerki og furu, en grenibrekkur leyhnast innan um.

## Girðingar:

### A Nýjar Girðingar:

Engar nýjar girðingar voru girtar á suðurlandi í ár nema 1200 metra langur kafli í Pjórsárdalsgirðingu norðan Dímons og 100 metra langur kafli ofan við Blakkdal.

Ennþá vantar tæpan kilómetir upp á að ~~xxxx~~ komast með nýja girðingu austur í Sandá, en tími vinnst sjaldnast til að gera eins mikið og áætlað er.

### B Viðhald girðinga:

Viðhaldinu var háttar líkt og undanfarandi ár, sami mannskapur og við gróðursetningar og önnur störf framkvæmdi verkið, og er það mjög bagalegt sérstaklega ef á að gróðursetja mikið, því þá rekast þessi verkefni á. Viðhald á girðingum er þó nokkuð starf, en fer þó nokkuð eftir undanfarandi vetri í hvernig ásigkomulagi girðingarnar eru. Viða hagar kannig til að viðe gerðum þarf að vera lokið áður en fé er rekið á afrétt, svo sem í Pjórsárdal og Pórsmörk, þar sem girðingarnar eru jafnfram af réttargirðingar, sama má reyndar segja um þær girðingar sem alfaríð eru í byggð, að ef ekki er gert við þær strax á vorin fyllast þær ~~xxxxx~~ af fé.

### Vegagerð:

Engar nýjar brautir voru gerðar á árinu, en nokkuð borið í eldri brautir. Þannig var borið í svo til allan "Fordveginn" sem ruddur var 1976. Þá var og slett í vegini Selhöfðum.

### Jólatré:

Byrjað var að höggva jólatré í Þjórsárdal fyrst í nóvember og var verið að með frátöfum þar til um mánaðarmótin nóv-des. Þó var ein ferð farin í Þórsmörk 5 des. og þar fókin bílfarmur af jólatrjám. Sérlega óhagstætt veður var meðan á högginu stóð, mikill snjór og óveður svo að segja allan timann.

I Þjórsárdal voru tekin tré af stærðum og tölu sem hér segir:

Rauðgreni	0,70 - 5,50 m	1.500	stk
Stafafura	0,70 - 2,00 m	105	-
Sitkagreni	1,25 --3,00 m	27	-

### I Þórsmörk

Rauðgreni og sitkagreni 1,00 - 4,00 m 93 stk.  
Samtals á Suðurlandi (G.J) 1.725 stk.

### Ferðafólk.:

I vor var tjaldstæðið í þjórsárdal flutt þaðan sem það hefir verið á bökkum Hvammsár og á flatirnar á Innri Sandártungu. Þar hafði að vísu verið tjaldstæði áður, en lítið notað nema þegar allt var orðið fullt á Hvammsárbökkum. I Innri Sandártungu voru settir upp kamrar, fjölgæð sörpgrindum og leitt vatn innst á flatirnar. Vatnleiðslan var nú eiginlega meira til að sýnast en vatnið var ekki mikið nýtt, því nóg er af góðu vatni í Sandá en hún rennur meðfram allri tjaldflötinni. Annars er það með móttöku ferðamanna og umsjón í Þórsmörk og Þjórsárdal að það þarf allt að takast til rekilegrar endurskoðunar og úrbóta og það sem allra fyrst, því sannast sagna er það skógræktinni til mikillar skammar eins og ástandið er og hefur verið á þessum stöðum.

### Veðurfar ársins:


Veturinn frá áramótum var frekar hagstæður, ekki mikil frost en rigningar og snjókoma annars slagið. Um mánaðarmótin feb. - marz setti niður töluverðan snjó, sem héldst þó nokkuð lengi og hlifði jörðinnimikið. Vorið var fremur hagstætt, klaki ekki mikill í jörðu, svo hægt var að taka hnausplöntur til sölu um miðjan maí. Sumarið var sæmilegt, þó fannst mér það frekar kalt, án bess þó að geta rökstutt það með mælingum. Haustið var ágætt og nýttist vel til vinnu. Veturinn til áramóta var einnig góður ef nóvember er undanskilin, en í þeim mánuði setti niður geysi mikinn snjó og tafði það mjög fyrir jólatrjáahöggi.

### Vöxtur og þrif trjágróðurs:

Laufgun tel ég að hafi verið 8 júní, en lauffall 1. október, eða þar um bil. Þó fer laufgun og lauffall hvað tíma snertir eftir því við hvarð er miðað, t.d. hvaða staði í umdæminu, hve stór blöðin eiga að vera á vorin og hve gul þau eiga að vera á haustin, en við íslenzkt birki er yfirleitt miðað. Árs vöxtur var í lélegu meðallagi, þó staðbundið og tegundabundið.

Birkimaðkur var lítill í sumar á Suðurlandi, en aftur á móti heyrði maður mikið talað um sitkalús, sérstaklega í lágsveitum. Birkifra vaf lítið á Suðurlandi í haust og engu saindað, sama er að segja um fræ af öðrum trjátegundum.

Selfossi 31/12 1978



Garðar Jónsson skógarvörður.